

Fimmtudaginn 4. mars 1999.
 Nr. 361/1998. **Tryggingastofnun ríkisins**
 (Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
 gegn
Gylfa Garðarssyni
 (Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Lyfjaverð. Stjórnvaldsákvörðun. Fyrning. Vextir.

Sams konar mál og mál nr. 343/1998.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Jónatan Þór-
 mundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1998. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og máls-
 kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að til-
 dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir
 Hæstarétti.

Mál þetta er samkynja tuttugu og fimm málum sem dæmd eru
 samhliða. Um rökstuðning fyrir niðurstöðu þessa máls vísast til for-
 sendna í málinu nr. 343/1998, Tryggingastofnun ríkisins gegn Werner
 Rasmussyni, að öðru leyti en því að stefndi átti ekki sæti í lyfjaverð-
 lagsnefnd. Stefndi telur skerðingu á greiðslum til sín frá með greiðslu
 17. febrúar 1994 til og með greiðslu 17. apríl 1996 nema alls 907.444
 krónum og er ekki um það deilt. Héraðsdómsstefna var birt 6. ágúst
 1997 og er því krafa stefnda að engu leyti fyrnd. Verður áfrýjandi
 dæmdur til að greiða stefnda 907.444 krónur með þeim vöxtum sem um
 getur í dómsorði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo
 sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnda, Gylfa
 Garðarssyni, 907.444 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III.

kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. apríl 1997 til greiðsludags og samtals 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.
